

93 eptir því sem sjá má af umræðunum á alþingi, nje yfir höfuð til neins annars en að auðga landssjóð og einstaka frímerkjakaupmenn og safnendur, þá verður og ráðaneytið að halda fast við skoðun þá, er fram er sett í brjefi þess frá 10. oktbr. 1896, að ekki megi nota þannig, sem hin umrædda þingsályktun ætlast til, rjett þann, er Ísland hefir sem sjálfstætt póstland til að gefa út eigin frímerki og að hin umgetna þingsályktun sje því eigi þannig vaxin, að hana eigi að taka til greina.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi hefir í sumar eptir löglega meðferð samþykkt þingsályktun, er með henni er skorað á stjórnina að búa til ný íslenzk frímerki, sem að einhverju leyti sje frábrugðin núgildandi frímerkjum, t. a. m. þannig að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustufrímerkjum í boginni línu, eða að verðtalan verði sett eigi að eins í miðjuna heldur og í hornin, og annaðhvort innleiða þau samhliða hinum núgildandi frímerkjum, meðan þau frímerki endast, sem nú eru til, eða gera hin núgildandi frímerki ógild, um leið og nýju frímerkin verða innleidd.

Jafnframt því að senda hjermeð umgetna þingsályktun eins og hún kom frá alþingi og í danskri þýðingu, skal jeg láta mjer nægja að taka það fram, að, með því að tilgangur hinnar umræddu ráðstöfunar virðist vera að eins sá, að útvega landssjóði sjerstakar tekjur með sölu hinna nýju frímerkja til frímerkjasafnenda, virðist umgetin þingsályktun samkvæmt því, sem tekið er fram í hæstvirtu brjefi hins háa ráðaneytis frá 10. oktbr. f. á., eigi vera til þess fallin að takast til greina.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um hlunn-

94 indi handa sparisjóði. — Útaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðu-
12. septbr. nefnd sparisjóðs Árnassýslu (á Eyrarbakka) vil jeg hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ára tímabil frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umrædds sparisjóðs.

95 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um skiln-
26. septbr. ing á 17. gr. laga nr. 8 frá 13. april 1894. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. f. m.,